

GOYERSKUR

og fleira á sýningu Baltasars á Kjarvalsstöðum

Baltasar hefur nú búið og starfað á Íslandi í 21 ár og er fyrir löngu þjóðkunnur málari og grafiklistamaður. Frá því hann kom til landsins hefur hann lifað af myndlist; framan af með teikningum fyrir bækur og blöð — þar á meðal Lesbók. En síðan 1973 hefur hann ekki haft „aukabúgreinar“ en starfað einvörðungu sem málari og málað jöfnum höndum portret og frjáls myndverk ásamt grafík. Hann er einn örfárra hérlandra málara, sem ekki vinna við annað, kennslu til dæmis, eða eiga úti-vinnandi maka.

Meðal þess sem Baltasar hefur í takinu er freska í hina nýju Víðistaðakirkju. Hún mun taka yfir 200 fermetra flöt og hefur Baltasar lokið undirbúningsvinnu. En hann er maður eigi einhamur og ræðst jafnframt í stóra sýningu á Kjarvalsstöðum, sem hann opnar í dag, og er það 10. einkasýning hans á þessum liðlega tveimur áratugum á Íslandi.

Baltasar hefur áður sýnt, að hann er átakamaður og kann því vel að fást við stóra myndfleti. Nægir í því sambandi að benda á myndröð hans við Fáka Einars Benediktssonar á síðustu Kjarvalsstaðasýningu hans og kross-

festingarmyndirnar frá annarri sýningu á sama stað. Þesskonar myndir gera sýningar eftirminnilegar, en það þarf nokkra karlmennsku til að ráðast í þær, — og málarinn getur yfirleitt ekki selt þær. Þetta er samt nauðsynlegt í söllum eins og á Kjarvalsstöðum; án þess verður engin reisin yfir sýningum og myndir litilla sanda og litilla sæva tynast þar eins og smástirni í himingeimnum.

Sýningunni skiptir Baltasar í flokka eftir efni. Þessir flokkar heita: Vinir og fjölskylda, Loft og láð, Sólarhringur á vinnustofnunni, Félagi hestur, Þær, Sælir eru... og síðast en ekki síst: Goyerskur.

Til nánari skýringar má geta þess, að í fyrst talda flokknum eru portret, en landslagsmyndir í tveimur þeim næstu. Hestar eru gamalkunnugt myndefni Baltasars, og „Þær“ vísar til nektarmynda.

En Goyerskur, — hvað í ósköpunum eru Goyerskur? Kannski er von að einhver spyrji, en hér er á ferðinni myndröð með tilvisun til spænska málara Goya, sem var alls óragur við að láta í ljósi í myndum skoðanir sínar á ýmsu úr spænsku þjóðlífi síns tíma, til dæmis viðbjóði styrjalda, rann-



sóknarréttinum, aðlinum og jafnvel sjálfri konungsfjölskyldunni, enda var þetta neðanjarðarlist, sem hefði getað kostað hann lífið. Sumar þessara Goya-mynda eru hárbætt skeyti þar sem ýmist er farið finlega með háðið, eða ádeilan gerð augljós.

Þessi myndröð Baltasars, Goyerskurnar, mun án efa vekja mesta eftirtekt á þessari sýn-

ingu og ugglaut verða tilefni til ýmissa bollalegginga og menn munu hafa á þessu skiptar skoðanir. Baltasar fer í smíðju til landa síns að því leyti, að svipmót fólksins og afstaðan til myndefnisins sver sig í ætt Goya. Hinsvegar er stíllinn frá Baltasar sjálfur og myndirnar eru bornar uppi af þeirri listrænu kunnáttu, sem honum er eiginleg.

Þessi myndröð hefur undirtitilinn „Í skjóli frændgarðs“ og vísar til þess að hér sé fjallað um frændsems- og kunningskapparþjóðfélagið, þar sem menn hafa allt á þurru, ef hin réttu sambönd eru fyrir hendi. Mig grunar þó, að hér sé ekki fyrst og fremst átt við þjóðfélagið í heild, heldur þann þáttinn í því, sem Baltasar þekkir best: Íslenska myndlistarheiminn með öllum sínum klíkuskap, undirröðri, páfum, þeðum og mislukkaðri opinberri viðleitni til afskipta af þessu.

Myndin, sem hér fylgir með, er úr þessari röð og heitir: „Þeir bindast sterkum böndum.“ Hér er samsé frændgarðurinn lifandi kominn: Samtryggingin. Textinn, sem þarna stendur á spænsku: „No hay quin nos desade“, útleggst: Enginn getur slitit okkar bönd. Það er sama

hvernig allt veltist og þótt sumir séu á haus — en hver skyldi hann vera þessi menningarviti með hornspangagleraugu, sem fylgist fránum augum með öllu?

Önnur úr röðinni heitir „Upphaf“. Risavaxin hænsni fæða af sér einhverskonar afskræmi. Manni dettur í hug skoffinið úr þjóðsögnum — þótt ekki væri það fætt af hænsnum, er hér um að ræða einhverskonar skoffin. Kannski er það listaskoffinið? En það er ekki gott að segja; engar skýringar eru láttnar í té.

Sú þriðja er ákaflega goyersk og heitir „Konungur bitlinganna“. Undirtitill er á spænsku, „toda po desprecia“, og útleggst: Metur allt einskis. Það sem við blasir er nakinn maður, ekki mjög gáfulegur, enda með asnaeyru, — ber þó kórónu — og situr á kunnuglegu húsi. Hjá honum liggur rotta eða moldvarpa, en kaudi heldur á mynd — eða er það kannski spegill?

Sú fjórða heitir á ensku „The eye of the beholder“ og vísar til þess, að fegurðin er ekki bundin við það sem sést, heldur býr hún í augum áhorfandans. Hér eru heldur ískygglegir menn við vafasama iðju — eða skemmtun — og alveg í anda Goya. Undirtitill er á spænsku: „maricones criticones“, sem merktir Kritisks-

Faðmurinn á förum

Það er almennt haldið að steinaldarmaðurinn hafi barið konuna eða dregið hana á hárinu, ef hann vildi fá hana til við sig, og líklega hefur þetta verið fljótvirkari aðferð en síðar var upptekin með vaxandi menningu, að fara vel að konunum og faðma þær, en þá varð til, segja fróðir menn, orðið **faðmur**. Það eru þó ekki nema fróðustu menn, sem rekja orðið aftur í þessa athöfn, enda vita menn ekki hvernær barsmíðar voru aflagðar í ástamálum og upptekin faðmlög. Minna fróðir rekja orðið **faðmur** til engilsaxnesks orðs **fæthm** en það merkti að faðma. Síðar færðist einnig merking þessa orðs yfir á lengdareiningu á snærum og köðlum og mest notað af sjómönnum. Nú er verið að ýta þessu orði út úr mælikerfi fjölmargra þjóða. Það er orðið úrelt, segja menn. Víða í enskumælandi heimi er til dæmis búið að ákveða með lögum að fella það niður og láta metrann taka algerlega við. Brezka flotamálaráðuneytið gaf út 1969 tilkynningu um að **faðminum** skyldi útrýmt og átti það að gerast á þremur árum. Brezka stjórnin ætlaði þá almenningi lengri tíma

eða 10 ár til taka upp metrakerfið. En Bretinn er nú fhaldssamur og það getur tekið tímann sinn að útrýma faðminum, að minnsta kosti úr máli brezka sjómanna.

Faðmurinn hefur aldrei verið notaður sem mælieining, hvorki lóðrétt né lárétt á landi né sjó, nema á línunum, köðlum og vírum og hafdýpi enda var það mælt á tíma handlósins með línu. Enginn mælir hæð masturs í föðmum né lengd skipsins.

Faðmurinn er bilið milli krepptra hnefa mannsins, þegar hann heldur handleggjunum

beinum út frá öxlum, sitt til hvorrar hliðar. Þetta bil svarar til sex feta.

Þar sem þessi mælingaraðferð var þægilegast við línur og kaðla, var eðlilegt að hún væri mest notuð um borð í skipum eða við að útbúa skip og veiðarfæri. Sjómenn hafa líka haldið mikilli tryggð við faðminn. Þótt langt sé síðan við Íslendingar tókum upp metrakerfið lifir faðmurinn enn góðu lífi um borð.

Það eru fleiri lengdareiningar sem menn víða um heim vilja flýta sér að leggja fyrir róða, af því að þær séu orðnar úreltar.

